

7. gr.
Gildistaka.

Reglugerð þessi, sem sett er með heimild í 12. gr. lyfjalaga nr. 93/1994 með síðari breytingum, öðlast gildi 1. apríl 2001. Jafnframt falla þá úr gildi 29. til 32. gr. reglugerðar nr. 421/1988 um gerð lyfseðla og ávísun lyfja, afgreiðslu þeirra og merkingu.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytinu, 22. janúar 2001.

Ingibjörg Pálmadóttir.

Davíð Á. Gunnarsson.

Nr. 106

5. janúar 2001

REGLUGERÐ

um gjöld fyrir skoðun, skráningu, mælingu skipa o.fl.

1. gr.
Skipagjald.

Eigandi skips skal greiða árlega í ríkissjóð sérstakt gjald, skipagjald, af hverju skipi sem skráð er á aðalskipaskrá. Í skipagjaldi er meðtalinn kostnaður vegna aðalskoðunar skipsins sem framkvæmd er hér á landi.

Skylda til að greiða skipagjald fellur eigi niður þótt eigandi skips hafi ekki látið skoða skip árlegri aðalskoðun, né heldur þótt skip hans hafi ekki verið í notkun um stundarsakir.

Heimilt er að fella niður helming skipagjalds hafi skip ekki verið skoðað né haft haffæri á viðkomandi almanaksári.

Ef skip er afskráð vegna úreldingar eða sölu úr landi er Siglingastofnun Íslands heimilt að fella hluta skipagjalda afskráningarárs niður að því tilskildu að aðalskoðun hafi ekki farið fram á því ári.

Fari aðalskoðun fram erlendis að beiðni eiganda ber honum að greiða auk skipagjalds skv. 1. mgr. fargjöld og dagpeninga skoðunarmanns.

Skipagjaldið skal vera sem hér segir:

<i>Skip flokkuð hjá Siglingastofnun Íslands:</i>	Kr.
Fyrir skip allt að 8 m að skráningarlengd	11.900
Fyrir skip 8 m á lengd til 15 m mestu lengd	21.300
Fyrir skip 15 m að lengd til 24 m skráningarlengd	47.600
Fyrir skip 24 m að lengd til 45 m skráningarlengd	94.500
Fyrir skip 45 m að lengd til 60 m skráningarlengd	156.000
Fyrir skip yfir 60 m að skráningarlengd	206.500

Fyrir skip flokkuð hjá viðurkenndu flokkunarfélagi greiðist 60% af ofangreindum gjaldstofni.

Fyrir flotbryggjur og önnur mannvirki á skipaskrá, sem ekki eru háð árlegu eftirliti, greiðist árlegt gjald kr. 18.000.

Fyrir skoðun flotkvía greiðist samkvæmt reikningi.

Ef óskað er eftir að skoðun sé framkvæmd utan dagvinnutíma skal greiða fyrir vinnuna skv. útseldum taxa viðkomandi starfsmanns.

2. gr.
Aukaskoðun.

Fyrir aukaskoðun skal greiða skv. reikningi Siglingastofnunar Íslands.

3. gr.
Nýsmíði.

3.1. Skip með mestu lengd allt að 15 metrum.

3.1.1. Fyrir samþykkt á sérsmíðuðum bátum og fyrsta báti í raðsmíði greiðist sem hér segir:

Verkefni	Lengd skips		
	< 6m	6-8 m	8-15 m
	kr.	kr.	kr.
Samþykkt teikninga	12.800	26.400	39.100
Eftirlit með smíði bols	6.400	12.900	20.800
Skoðun á búnaði	4.800	11.200	16.100
Hleðslu- og stöðugleikaprófun	4.800	10.000	12.900
Reynslusigling	3.300	9.500	11.200

Skráning og mæling sjá 7. gr.

3.1.2. Fyrir samþykkt á raðsmíðuðum bátum og bátum sem eru að einhverju leyti smíðaðir undir eftirliti flokkunarfélags greiðist sem hér segir:

Verkefni	Lengd skips		
	< 6m	6-8 m	8-15 m
	kr.	kr.	kr.
Samþykkt teikninga	-	7.900	11.700
Eftirlit með smíði bols	-	3.800	6.300
Skoðun á búnaði	-	11.200	16.000

Skráning og mæling sjá 7. gr.

Fyrir þilfarsbáta bætast kr. 12.300 við framangreinda niðurstöðu, fyrir prófun á stöðugleika.

Lengdir báta sem tilgreindir eru í framangreindum töflum eru mældar á milli stafna í borðstokkshæð þegar um er að ræða 6 metra lengdina, en mestu lengd á bol samkvæmt mælingareglum við mælingu á 8 og 15 metrum.

3.1.3. Fyrir samþykkt á gömlum bátum skal fara að sem við samþykkt á nýsmíði eftir því sem á við hverju sinni.

Fari skoðun fram erlendis greiðist ferðakostnaður að auki.

3.2. Skip sem eru 15 metrar að mestu lengd og lengri:

3.2.1. Fyrir yfirferð á teikningum og eftirlit með nýsmíði þilfarsskipa innanlands, þ.m.t. lokaúttekt og útgáfa skipsskjala, skal greiða til Siglingastofnunar Íslands eftirfarandi gjöld:

Fyrir þilfarsskip styttri en 24 m að skráningarlengd 0,30% af lokaverði skips.

Fyrir þilfarsskip 24 m að skráningarlengd og lengri 0,26% af lokaverði skips.

Lokaverð er það verð sem lagt er til grundvallar við endurgreiðslu á tollum og aðflutningsgjöldum, þar með talinn fjármagnskostnaður verksala (vextir og verðbætur.) Fyrir skip smíðuð erlendis, skal miðað við það verð sem kemur fram á aðflutningsskýrslu skipsins að meðtöldum aðflutningsgjöldum og öðrum kostnaði við innflutninginn.

3.2.2. Fyrir nýsmíði þilfarsskipa erlendis skal greiða til Siglingastofnunar Íslands skv. 3.2.1. þessa töluliðs að viðbættum fargjöldum og dagpeningum skoðunarmanna.

3.2.3. Fyrir skip sem smíðuð eru skv. reglum og undir eftirliti viðurkennds flokkunarfélags skal greiða 60% af gjaldi skv. lið 3.2.1 auk fargjalda og dagpeninga skoðunarmanna sé skipið smíðað erlendis.

3.2.4. Eftirlitsgjöld skv. 2. tölulið þessarar greinar skal greiða á byggingartímanum skv. sérstökum greiðslusamningi við Siglingastofnun Íslands. Lokagreiðsla fer fram við afhendingu skipsskjala. Siglingastofnun er heimilt að semja um að taka gjald fyrir eftirlit með nýsmíði skv. reikningi og töxtum stofnunarinnar fyrir viðkomandi starfsmenn. Í því tilfalli innheimtist að auki útlagður kostnaður og önnur gjöld skv. reglugerð þessari s.s. vegna útgáfu skipsskjala.

3.2.5. Fyrir skoðun á notuðum skipum sem fyrirhugað er að flytja til landsins skal greiða vinnu og útlagðan kostnað skv. reikningi og töxtum stofnunarinnar fyrir viðkomandi starfsmenn auk annarra gjalda s.s. fyrir mælingu og útgáfu skipsskjala eftir því er við á.

4. gr.

Eftirlit með viðgerðum.

- 4.1. Fyrir eftirlit með viðgerðum skal greiða skv. reikningi Siglingastofnunar Íslands eða sérstökum greiðslusamningi ef hagkvæmt þykir.
- 4.2. Fari viðgerð fram erlendis er heimilt að innheimta fyrirfram hjá eiganda skips upphæð sem svarar til fargjalda og áætlaðra dagpeninga skoðunarmanna, enda sé ekki gerður greiðslusamningur.

5. gr.

Hleðslumerki.

Fyrir hleðslumerkjaútreikninga og útgáfu skírteina ásamt hleðslumerkjaskoðun, sem ekki fellur undir nýsmíði, skal greiða:

	Kr.
Skip til og með 500 BT (brúttótonn)	12.300
Skip 501 BT til og með 1000 BT	16.300
Skip 1001 BT til og með 2000 BT	20.400
Skip 2001 BT til og með 5000 BT	24.500

Skip stærri en 5000 BT greiðast eftir reikningi Siglingastofnunar Íslands. Fyrir útgáfu hleðslumerkjaskírteinis sem gefið er út skv. hleðslumerkjaútreikningum frá erlendum stjórnvöldum eða viðurkenndu flokkunarfélagi skal greiða kr. 4.100.

Fyrir árlega áritun hleðslumerkjaskírteinis skal greiða kr. 1.400 fari umrædd skoðun fram um leið og búnaðarskoðun.

Fyrir endurnýjun á skírteini sem glatað er, eða fallið úr gildi, skal greiða kr. 1.200 enda sé sérstakrar skoðunar ekki þörf.

6. gr.

Skráning skipa og útgáfa skipsskjala.

Fyrir skráningu skipa og útgáfu skipsskjala skal greiða:

	Kr.
1. Ísl. mælibréf og skráningaskírteini fyrir skip allt að 15 m að mestu lengd	5.600
2. Þjóðernisskírteini	9.200
3. Mælibréf	5.600
4. Staðfest afrit af mælibréfi eða skírteini	1.070
5. Einkaleyfi á skipsnafni	31.700
6. Viðurkenningarskírteini og skilti	900
7. Leyfi til farþegaflutninga með skipum	4.400

Við eigendaskipti og umskráningu skipa skulu öll áfallin ógreidd gjöld skv. reglugerð þessari greidd að fullu.

Heimilt er að taka hálf t gjald fyrir endurútgáfu íslensks mælibréfs og skráningarskírteinis fyrir skip allt að 15 m að mestu lengd ef um eina breytingu er að ræða er varðar mælinguna og útreikninga er ekki þörf.

7. gr.

Mæling skipa.

Fyrir endurmælingu skips og útgáfu mælibréfs eða yfirlýsingu skal greiða:

- | | | |
|------|---|---------|
| 1. | Samkvæmt Oslóarsamþykkt: | Kr. |
| | Fyrir opna báta | 9.900 |
| | Þilfarsskip allt að 25 brl. | 16.200 |
| | Þilfarsskip 25 brl. til og með 100 brl. | 22.500 |
| | Þilfarsskip 101 brl. til og með 250 brl. | 35.800 |
| | Þilfarsskip 251 brl. til og með 500 brl. | 54.700 |
| | Þilfarsskip 501 brl. til og með 1600 brl. | 77.700 |
| | Þilfarsskip 1601 brl. til og með 5000 brl. | 103.000 |
| | Þilfarsskip 5001 brl. og stærri greiðist eftir reikningi Siglingastofnunar Íslands. | |
| 2. | Samkvæmt íslenskum mælingarreglum og Lundúnasamþykkt frá 1969: | |
| | Flokkur I. Fyrir skip allt að 15 m mestu lengd | 9.900 |
| | Flokkur II. A Skip 15,01 m mestu lengd - 24,00 m skráningarlengd.
Mæling í slipp (engin línu- eða bandateikning).
Vinna eftir mælingum og teikningum, útgáfa skírteinis | 46.300 |
| | II. B Eftirlitsmæling um borð.
Vinna við útreikning eftir línu- eða bandateikningum og öðrum teikningum | 32.400 |
| | Flokkur III. A Skip 24,01 m - 45,00 m skráningarlengd.
Mæling í slipp (engin línu- eða bandateikning).
Vinna eftir mælingum og teikningum, útgáfa mælibréfs | 84.100 |
| | III. B Eftirlitsmæling um borð.
Vinna við útreikning eftir línuteikningu eða bandateikningu og öðrum stálteikningum og útgáfa mælibréfs | 56.200 |
| | Flokkur IV. A Skip 45,01 m - 60,0 m skráningarlengd.
Mæling í slipp (engin línu- eða bandateikning).
Vinna eftir mælingum og teikningum og útgáfa mælibréfs | 116.900 |
| | IV. B Eftirlitsmæling um borð.
Vinna við útreikning eftir línu- eða bandateikningu og öðrum stálteikningum og útgáfa mælibréfs | 84.100 |
| | Flokkur V. Skip 60,01 m skráningarlengd og lengri.
Greiðsla samkvæmt reikningi. | |
| 2.1. | Fyrir endurskoðun á mælikýrslum gerðum af öðrum aðila en Siglingastofnun Íslands samkvæmt Lundúnasamþykkt um mælingu skipa frá 1969 greiðist: | Kr. |
| | Fyrir skip til og með 45 m skráningarlengd | 19.300 |
| | Fyrir skip yfir 45 m skráningarlengd | 32.100 |
| 3. | Að auki skal greiða kostnað á ferðalögum innanlands og erlendis vegna mælinga skv. reikningi Siglingastofnunar Íslands. | |

8. gr.

Útgáfa vottorða.

Vottorð um útstrikun skipa af aðalskipaskrá Kr. 1.400.

9. gr.

Önnur þjónusta.

Fyrir aðra þjónustu Siglingastofnunar Íslands skal greitt skv. reikningi stofnunarinnar.

Siglingastofnun Íslands framkvæmir skoðun á fjarskiptabúnaði smábáta a.m.k. einu sinni á hverju almanaksári. Til smábáta teljast opnir vélbátar 6 metra og lengri og fiskiskip með þilfari allt að 15 metrum að mestu lengd, enda hafi þessi skip eingöngu VHF-talstöðvar, en

ekki millibylgju- og/eða stuttbylgjustöðvar um borð og sigli á hafsvæði STK og A1, sbr. 2. gr. reglugerðar um fjarskiptabúnað og fjarskipti íslenskra skipa nr. 53/2000.

Gjöld fyrir skoðun skv. 2. gr. hjá bátum með VHF rásir eingöngu skulu vera á ári kr. 1.500.

10. gr.

Þjónusta utan skrifstofutíma.

Gjöld samkvæmt reglugerð þessari miðast við að störf hinna fastráðnu starfsmanna Siglingastofnunar Íslands séu unnin á venjulegum skrifstofutíma.

Sé óskað eftir þjónustu utan þess tíma skal að auki greiða fyrir vinnu viðkomandi starfsmanns samkvæmt útseldum taxta stofnunarinnar.

11. gr.

Innheimta.

Utan Reykjavíkur skulu gjöld samkvæmt 1. gr. innheimt af sýslumönnum.

Í Reykjavík skulu gjöldin innheimt af tollstjóra.

Gjöldin eru miðuð við skráningu 1. janúar og er gjalddagi og eindagi sá sami hinn 1. apríl sama árs.

Gjöld skv. öðrum greinum reglugerðarinnar skulu innheimt af Siglingastofnun Íslands eftir reikningum sem hún gefur út.

Innheimtumenn skulu skila gjöldum, sem þeir innheimta skv. reglugerð þessari í ríkissjóð.

12. gr.

Gildistaka o.fl.

Reglugerð þessi sem sett er samkvæmt 28. gr. laga um eftirlit með skipum, nr. 35/1993, sbr. 4. gr. laga nr. 62/1993, sbr. 20. gr. laga um skráningu skipa nr. 115, 31. desember 1985, með síðari breytingum, og 15. gr. laga um skipamælingar nr. 50, 12. maí 1970, staðfestist hér með til að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim sem hlut eiga að máli.

Jafnframt fellur úr gildi reglugerð um gjöld fyrir skoðun, skráningu og mælingu skipa o.fl. nr. 118 frá 7. febrúar 2000.

Samgönguráðuneytinu, 5. janúar 2001.

Sturla Böðvarsson.

Ragnhildur Hjaltadóttir.